



Fundur í sveitarstjórn

87. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn að Skólavegi 5, Bakkafirði 23. ágúst 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Mirjam Blekkenhorst, Þórarinn J. Þórisson, Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Tryggvi Steinn Sigfússon tók sæti Þórarins J. Þórissonar undir lið 8.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 21. fundar landbúnaðarnefndar, dags. 10. ágúst 2018
- 2) Fundargerð 16. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 16. ágúst 2018
 - a) 2. liður. Norðurhjari – beiðni um styrk vegna West-Norden ferðasýningar 2018
- 3) Aðalfundur Eyþings, 21. og 22. sept. nk. í Mývatnssveit
- 4) Fjármálaráðstefna Sambands íslenska sveitarfélaga, í Reykjavík, 11. og 12. okt. nk.
- 5) Hafnarsambandsþing 25. og 26. okt. nk.
- 6) Byggðaráðstefnan 2018, 16. – 17. okt. nk. á Stykkishólmi
- 7) Kortlagning lúpínu og kerfils, svar Náttúrufræðistofnunnar, dags. 10. ágúst 2018
- 8) Brunavarnaráætlun fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp 2018-2023
- 9) Skólastarf í Langanesbyggð - skýrsla frá Gunnari Gíslasyni ráðgjafa, dags. 31. júlí 2018
- 10) Hafnarkrani á Bakkafirði, minnisblað frá sveitarstjóra
- 11) Erindi frá Eyþingi vegna viðbótarframlags til Brúar lífeyrissjóðs, dags. 8. ágúst 2018
- 12) Langanesvegur 2 – valkostir á útliti og næstu skref
- 13) Sex mánaða rekstraryfirlit
- 14) Skýrsla sveitarstjóra

Fundargerð

1. Fundargerð 21. fundar landbúnaðarnefndar, dags. 10. ágúst 2018

Fundargerðin lögð fram.

Vegna 2. liðar tóku til máls: Mirjam Blekkenhorst, Jónas Egilsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir.



Liður 2. Umsókn um heimild til að gera vegslóða upp með Miðfjarðará og Litlu-Kverká.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn tekur undir samþykkt nefndarinnar, en leggur áherslu á að vegurinn verði opinn bændum og fleiri aðilum eftir samkomulagi.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 16. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 16. ágúst 2018

Fundargerðin lögð fram.

2. liður. Norðurhjar – beiðni um styrk vegna West-Norden ferðasýningar 2018

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir tillögu atvinnu- og ferðamálanefndar. Jafnframt er sveitarstjóra falið að leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar, yfirlit um árlegan kostnað og stöðu á markaðs- og kynningarmálum í Langanesbyggð.

Samþykkt samhljóða.

3. Aðalfundur Eypings, 21. og 22. sept. nk. í Mývatnssveit

Langanesbyggð á tvo fulltrúa og tvo til vara á aðalfundum Eypings til fjögurra ára, skv. lögum Eypings.

Bókun um um afgreiðslu: Samþykkt að Elías Pétursson og Siggeir Stefánsson verði aðalfulltrúar Langanesbyggðar og Mirjam Blekkenhorst og Sigríður Friðný Halldórsdóttir til vara.

Samþykkt samhljóða.

4. Fjármálaráðstefna Sambands íslenska sveitarfélaga, í Reykjavík, 11. og 12. okt. nk.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson. Siggeir Stefánsson veitti andsvar, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson sem veitti andsvar öðru sinni, Halldór Rúnar Stefánsson, Jónas Egilsson sem veitti andsvar.

Siggeir Stefánsson lagði fram svohljóðandi tillögu fyrir hönd U-listans: U-listinn leggur til að öllum aðalmönnum í sveitarstjórn verði boðið að sækja fjármálaráðstefnuna.

Tillagan felld með fjórum atkvæðum Þorsteins Ægis Egilssonar, Halldórs Rúnar Stefánssonar, Mirjam Blekkenhorst og Þórarins J. Þórissonar gegn þremur atkvæðum Siggeirs Stefánssonar, Sigríðar Friðnýjar Halldórsdóttur og Björns Guðmundar Björnssonar.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að oddviti, fulltrúi minnihlutans, sveitarstjóri og skrifstofustjóri sækji ráðstefnuna að þessu sinni. Einnig er samþykkt að þátttökugjald á ráðstefnuna verði greitt fyrir aðra sveitarstjórnarmenn, eigi þeir kost á að sækja hana.

Samþykkt samhljóða.



5. Hafnarsambandsþing 25. og 26. október nk.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að formaður hafnarnefndar eða hafnarstjóri sækji þingið eigi þeir kost á því.

Samþykkt samhljóða.

6. Byggðaráðstefnan 2018, 16. – 17. okt. nk. á Stykkishólmi

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að sveitarstjóri sækji ráðstefnuna eigi hann kost á því.

Samþykkt samhljóða.

7. Kortlagning lúpínu og kerfils, svar Náttúrufræðistofnunar, dags. 10. ágúst 2018

Lagt fram svar Náttúrufræðistofnunar við beiðni sveitarfélagsins á kostnaði og úttekt vegna útbreiðslu lúpínu og kerfils, skv. ákvörðun 86. fundar sveitarstjórnar.

Til máls tók Þórarinn J. Þórisson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn vísar svari Náttúrufræðistofnunar til umhverfis- og skipulagsnefndar til upplýsinga.

Samþykkt samhljóða.

8. Brunavarnaráætlun fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp 2018-2023

Þórarinn Jakob Þórisson lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls.

Samþykkt. samhljóða.

Tryggvi Steinn Sigfússon tók sæti hans undir þessum lið.

Brunavarnaráætlun fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp 2018 – 2023 lögð fram að nýju. Einnig er lögð fram framkvæmdaáætlun slökkviliðsstjóra skv. fyrirliggjandi áætlun.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagða brunavarnaráætlun fyrir sitt leyti og vísar framkvæmdaáætluninni til meðferðar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða.

Tryggvi Steinn vék af fundi og Þórarinn tók sæti að nýju.

9. Skólastarf í Langanesbyggð - skýrsla frá Gunnari Gíslasyni ráðgjafa, dags. 31. júlí 2018

Lögð fram skýrsla frá Gunnari Gíslasyni ráðgjafa, Skólastarf í Langanesbyggð, dags. 31. júlí 2018, sem er unnin skv. ákvörðun 75. fundar sveitarstjórnar, dags. 14. des. 2017.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Mirjam Blekkenhorst og Þorsteinn Ægir Egilsson, sem veitti andsvar.

Bókun um samþykkt: Sveitarstjórn samþykkir að vísa skýrslunni til fræðslunefndar til umsagnar.



Samþykkt samhljóða.

10. Hafnarkrani á Bakkafirði, minnisblað frá sveitarstjóra

Minnisblað frá sveitarstjóra um hafnarkrana, ásamt minnisblaði Vegagerðarinnar dags. 8. ágúst sl.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Halldór Rúnar Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að vísa málinu á ný til hafnarnefndar í ljósi framlagðra nýrra upplýsinga. Enn fremur samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að hefja nú þegar undirbúning á kaupum á nýjum löndunarkrana fyrir höfnina á Bakkafirði og kynna kostnaðaráætlun vegna kaupanna á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar. Kraninn verði kominn í notkun fyrir mars 2019. Kostnaður vegna kranans verði settur á fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

Samþykkt samhljóða.

11. Erindi frá Eyþingi vegna viðbótarframlags til Brúar lífeyrissjóðs, dags. 8. ágúst 2018

Skv. erindi frá Eyþingi er kostnaður samtakanna rúmar 7,1 m.kr. vegna uppgjors á breytingum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs. Hlutdeild Langanesbyggðar er kr. 113.286.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að greiða sinn hluta í ofangreindu uppgjöri, kr. 113.286.

Samþykkt samhljóða.

12. Langanesvegur 2 – valkostir á útliti og næstu skref

Lagðar fram teikningar, kostur A og B að nýju útliti á Langanesvegi 2, ásamt almennri lýsingu, dags. 21.8.2018 og myndum. Verkteikningar og kostnaðaráætlun við klæðningu liggur fyrir.

Sigríður Friðný óskaði eftir fundarhlé kl. 17:52. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:56.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Mirjam Blekkenhorst, Halldór Rúnar Stefánsson, Jónas Egilsson veitti andsvar. Sigríður Friðný Halldórsdóttir. Jónas Egilsson veitti andsvar öðru sinni. Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 18:16.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:22.

Afgreiðslu liðarins frestað til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.



13. Sex mánaða rekstraryfirlit

Sex mánaða rekstraryfirlit Langanesbyggðar lagt fram. Skv. því eru tekjur A-hluta um 259,7 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins eða 21,5% hærri, en áætlanir gerðu ráð fyrir. Gjöld eru kr. 232,2 m.kr. sem er um 16,4% umfram áætlun. Rekstrarniðurstöður A-hluta sveitarsjóðs eru jákvæðar um 24,9 m.kr. á tímabilinu, en var jákvæð sem nam 4,9 m.kr. á sama tíma í fyrra. Launakostnaður A og B-hluta er 221 m.kr. en var áætlaður 209,1 m.kr. fyrstu sex mánuði ársin. Hann er því um 5,7% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstur einstakra deilda er í góðu jafnvægi og innan eða við áætlanir.

14. Skýrsla sveitarstjóra/skrifstofustjóra

- Boðið er upp á fræðslufund með starfsfólki Langanesbyggðar á laugardag í Þórsveri. Markmiðið er að kynna fyrir starfsfólki þá þróun sem hefur orðið á vinnuumhverfi í heiminum og hvernig sú þróun varð hvatinn á bak við þær breytingar sem eru að verða á vinnuumhverfi starfsfólks Langanesbyggðar með tilkomu Office 365.
- Undirritun Brunavarnaráætlunar verður á morgun, föstudag, kl. 11 í Slökkvistöðinni á Þórshöfn. Forstjóri Mannvirkjastofnunar kemur til Þórshafnar af þessu tilefni og er öllum sveitarstjórnarmönnum boðið að vera viðstaddir.
- Veraldavinir hafa unnið við tiltektir á Þórshöfn og Bakkafirði í sumar. Þeir gistu í húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn og á Bakkafirði. Almenn ánægja er með framlag Veraldarvina og þeir ánægðir með dvöl sína hér. Gott væri að skipuleggja betur komu þeirra í framtíðinni og afnot af mannvirkjum sveitarfélagsins.
- Á fimmtudag næstu viku kemur ráðherraskipuð nefnd um málefni Bakkafjarðar í heimsókn og fundar með sveitarstjórn, fulltrúum atvinnulífsins og íbúum á Bakkafirði. Nánari dagskrá verður kynnt í byrjun næstu viku.
- Gangaseðill Langanesbyggðar liggur fyrir og hefur verið kynntur bændum sem og á heimasíðu sveitarfélagsins. Réttir eru á tímabilinu 2. – 21. september nk.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:39.